



**UMHVERFISSKÝRSLA  
með tillögu að breytingu á  
Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026,  
Efnistaka**

Unnið fyrir Vopnafjarðarhrepp

**teikn**  
á lofti  
20.03.2009

Umhverfisskýrsla með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

---

## Efnisyfirlit

<b>1 INNGANGUR.....</b>	<b>5</b>
1.1 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI VOPNAFJARDARHREPPS 2006-2026 .....	5
1.2 ÁÆTLUNARSVÆÐID OG STADHÆTTIR.....	9
1.3 TENGSL VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERD .....	9
<b>2 AÐFERÐIR.....</b>	<b>11</b>
2.1 UMHVERFISPÆTTIR .....	11
2.2 UMFANG UMHVERFISMATS .....	11
2.3 KYNNING OG SAMRÁÐ UMHVERFISMATSINS .....	11
2.4 FRAMSETNING UMHVERFISMATS FYRIR BREYTINGU AÐALSKIPULAGS .....	12
<b>3 UMHVERFISÁHRIF STEFFNUMIÐA FYRIR EFNISTÖKU .....</b>	<b>13</b>
3.1 HAGRÆNIR OG FÉLAGSLEGIR PÆTTIR.....	13
3.1.1 <i>Efnahagur og atvinnulíf</i> .....	13
3.1.2 <i>Félagslegt umhverfi</i> .....	14
3.2 HEILSA OG ÖRYGGI .....	14
3.2.1 <i>Öryggi</i> .....	14
3.3 LANDSLAG OG ÁSÝND .....	14
3.3.1 <i>Náttúrulegt landslag</i> .....	14
3.3.2 <i>Menningarlandslag og menningarminjar</i> .....	15
3.4 NÁTTÚRUFAR .....	15
3.4.1 <i>Grððurfar</i> .....	15
<b>4 SAMANTEKT .....</b>	<b>17</b>
4.1 VÖKTUNARÁÆTLUN .....	17
<b>5 NIÐURSTÖÐUR UMHVERFISMATS.....</b>	<b>18</b>
<b>6 HEIMILDASKRÁ .....</b>	<b>20</b>
<b>7 VIÐAUKAR .....</b>	<b>22</b>
7.1 VIÐAUKI I, VENSLATÖFLUR .....	22

Umhverfisskýrsla með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

---

## 1 INNGANGUR

### 1.1 Breytingar á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026


Sveitarfélagið Vopnafjarðarhreppur vinnur nú að breytingum á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Breyting tekur til efnisnáms og er matskyld samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Greint er frá umhverfisáhrifum breytingarinnar í þessari skýrslu.

Ástæða breytinganna er fyrirhuguð efnistaka í tengslum við gerð Norðausturvegar frá Brunahvammshálsi til þéttbýlisins Vopnafjarðar.

Umhverfisskýrsla þessi er unnin í samræmi við kröfu skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þar um.

Umhverfisskýrslan skal auglýst og kynnt opinberlega ásamt viðkomandi skipulagstillögu sbr. ákvæði laga um umhverfismat áætlana og skipulags- og byggingarlaga.

Umhverfisskýrsla með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarrepps 2006-2026



Mynd 1 Gert er ráð fyrir 28 nánum og að þrjár þeirra verði opnar til framtíðarnýtingar.

Umhverfisskýrsla með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

---

	<b>B-2</b>	<b>B-4</b>	<b>B-5</b>	<b>B-6</b>	<b>B-7</b>	<b>B-8</b>
Staður	Brunahvammsháls	Við saeluhús	Við vegstæði	Við vegstæði	Við vegstæði	Kálfafellstagl
Hnit í miðju efnistökusvæði	663662 562976	664766 564393	665823 564951	666102 565068	666518 565812	667098 567149
Flatarmál efnistökusvæðis	10.000 m <sup>2</sup>	8.000 m <sup>2</sup>	3.500 m <sup>2</sup>	5.500 m <sup>2</sup>	10.000 m <sup>2</sup>	12.000 m <sup>2</sup>
Áætluð heildarefnistaka	50.000 m <sup>3</sup>	allt að 20.000 m <sup>3</sup>	allt að 10.000 m <sup>3</sup>	allt að 20.000 m <sup>3</sup>	25.000 m <sup>3</sup>	35.000 m <sup>3</sup>

	<b>E9 (B-3)</b>	<b>B-10</b>	<b>B-11</b>	<b>B-12</b>	<b>B-13</b>	<b>B-14</b>
Staður	Brunahvammsháls	Bunguflói	Fiskilækjaalda	Fremstifiskilækur	Miðfiskilækur	Ytrifiskilækur
Hnit í miðju efnistökusvæði	663506 563459	668973 570328	671070 573159	671246 573107	671786 573940	672892 574904
Flatarmál efnistökusvæðis	7.500 m <sup>2</sup>	10.000 m <sup>2</sup>	4.900 m <sup>2</sup>	14.000 m <sup>2</sup>	6.000 m <sup>2</sup>	6.000 m <sup>2</sup>
Áætluð heildarefnistaka	34.500 m <sup>3</sup>	20.000 m <sup>3</sup>	Varanáma	54.000 m <sup>3</sup>	15.000 m <sup>3</sup>	26.000 m <sup>3</sup>

	<b>B-15</b>	<b>B-16</b>	<b>B-16a</b>	<b>B-17</b>	<b>E10 (B-18)</b>	<b>B-19</b>
Staður	Réttarhólar	Við vegstæði	Við vegstæði	Hestlækur	Búastaðir	Við vegstæði
Hnit í miðju efnistökusvæði	673898 576276	675007 577577	675885 578228	678497 579037	682047 582424 681591 582144	682770 582598 682902 582692
Flatarmál efnistökusvæðis	10.000 m <sup>2</sup>	2.000 m <sup>2</sup>	2.000 m <sup>2</sup>	31.200 m <sup>2</sup>	61.000 m <sup>2</sup>	4.500 m <sup>2</sup>
Áætluð heildarefnistaka	33.000 m <sup>3</sup>	6.000 m <sup>3</sup>	6.000 m <sup>3</sup>	81.300 m <sup>3</sup>	179.300 m <sup>3</sup>	12.000 m <sup>3</sup>

Umhverfisskýrsla með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

---

	<b>B-20a</b>	<b>B-20</b>	<b>B-21</b>	<b>B-22</b>	<b>B-23</b>
Staður	Öskumelur	Við vegstæði	Stakhóll	Grámýrarholt	Torfastaðir
Hnit í miðju efnistökusvæði	684008 584125	684697 584257	685070 585297	686535 586789	686859 589119 686854 588961
Flatarmál efnistökusvæðis	11.400 m <sup>2</sup>	6.800 m <sup>2</sup>	6.800 m <sup>2</sup>	9.000 m <sup>2</sup>	22.000 m <sup>2</sup>
Áætluð heildarefnistaka	36.000 m <sup>3</sup>	12.000 m <sup>3</sup>	17.000 m <sup>3</sup>	16.000 m <sup>3</sup>	106.000 m <sup>3</sup>

	<b>D-1</b>	<b>D-2</b>	<b>D-3</b>	<b>D-4</b>	<b>E11 (D-5)</b>
	Hofsárdalsvegur	Hofsárdalsvegur	Hofsárdalsvegur	Hofsárdalsvegur	Hofsárdalsvegur
Staður	Við vegstæði	Oddsgilsmelur	Hofsháls	Við vegstæði	Árhvammur
Hnit í miðju efnistökusvæði	680031 579524	680243 578880	680054 577454	680112 575566	680953 575682
Flatarmál efnistökusvæðis	1.900 m <sup>2</sup>	10.000 m <sup>2</sup>	12.200 m <sup>2</sup>	6.800 m <sup>2</sup>	10.000 m <sup>2</sup>
Áætluð heildarefnistaka	4.000 m <sup>3</sup>	29.000 m <sup>3</sup>	38.000 m <sup>3</sup>	8.500 m <sup>3</sup>	25.000 m <sup>3</sup>

Tafla 2 Upplýsingar um fyrirhugaðar námur sem eru kortlagðar á mynd 1.

## 1.2 Áætlunarsvæðið og staðhættir

Samhliða umhverfisskýrslu þessari er gerð breyting á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps og tekur skýrslan til þess svæðis, en það er frá Brunahvammshálsi, niður Vesturárdal og að þéttbýlinu við Vopnafjörð.

Það svæði sem breytingartillagan nær til liggur í 20 m.y.s. og upp í 530 m.y.s. Svæðið sem um ræðir er Vesturárdalur sem er miðdalur Vopnafjarðarbyggða. Hann liggur milli lágra hálsa upp frá Nýpslóni. Dalbotninn er sléttur og grösugur milli hálsanna. Um dalinn fellur Vesturdalsá sem kemur úr Arnarvatni. Vesturdalsá er þekkt lax- og bleikjuveiðiá. Efri hluti dalsins er með lítt grónum melaðum en í brekkunum ofan við þær eru mýrarsund og lyngi vaxin holt. Landslag í dalnum er víða mishæðótt þar sem skiptast meðal annars á melað, mólendi, hólar, holt, mýrar og deiglendi. Alldjúpir farvegir og grófir liggja víða þvert um hlíðarnar, einkum að norðanverðu, flestir þurrir í venjulegu tíðarfari. Dalbotninn er fremur frjósamur og allbreiður yst. Á milli Vesturárdals og Hofsárdals er nokkuð breiður, ávalur háls, Hofsháls.

Í Vesturárdal eru ellefu jarðir. Aðeins er búið á fimm þeirra en að auki er atvinnurekstur (refabú) á einni til viðbótar, þ.e. Norður-Skálanesi í grennd við Vopnafjarðarkauptún. Vesturárdalsvegur liggur um austanverðan dalinn en aðeins einn bær stendur við hann, þ.e. Búastaðir, auk Norður-Skálaness. Aðrir bær í byggð eru norðan við Vesturdalsá og liggja því fjórar brýr yfir ána, þ.e. að Hauksstöðum, Fremri-Hlíð, Vakurstöðum 2 og að Torfastöðum. Í landi Búastaða er veiðihús fast við Vesturárdalsveg og í landi Norður-Skálaness er sumarhús í grennd við veginn.<sup>1</sup>

Núverandi landnotkun í Vesturárdal er að mestu hefðbundinn landbúnaður en ekki er gert ráð fyrir breytingum á því nema á efnistökusvæðum sem opin verða til framtíðarnýtingar. Breytt landnotkun vegna vegstæðis Norðausturvegar um Vesturárdal hefur þegar verið samþykkt í gildandi Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.

## 1.3 Tengsl við aðra áætlanagerð

Í gildi er Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Gera þarf breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps, vegna fyrirhugaðs efnisnáms.

---

<sup>1</sup> Lýsing úr Matsskýrslu Vegagerðarinnar vegna Norðausturvegar til Vopnafjarðar.

## Umhverfisskýrsla með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

---

Við mat á umhverfisáhrifum breytingarinnar var höfð hliðsjón af Náttúruverndaráætlun Alþingis 2004-2008, vegna nálægðar við svæði á náttúrumínjaskrá og er framkvæmdin unnin í samræmi við Samgönguáætlun 2007-2018.

Vegagerðin leggur nýjan veg um Vopnafjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu. Vegurinn verður hluti af Norðausturvegi og mun tengja Vopnafjörð við Hringveg og liggja frá núverandi Norðausturvegi við Brunahvammsháls að byggðinni í Vopnafirði. Þar sem framkvæmdin fellur undir 5. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum, framkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum, vann Vegagerðin mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda í samráði við ýmsa sérfræðinga. Stuðst var við þá skýrslu að töluverðu leyti við gerð umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingarinnar. Þá er ekki lagt til að sérstakt mat á umhverfisáhrifum sé unnið fyrir efnistökuna þar sem hún var metin sem hluti af vegaframkvæmdinni og er því gert ýtarlega grein fyrir í matsskýrslu Vegagerðarinnar frá júní 2007.

## 2 AÐFERÐIR

### 2.1 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunar. Í upphafi er kannað hvaða þætti er nauðsynlegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa. Við val á umhverfisþáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til umhverfisaðstæðna á áætlunarsvæðinu.

Þeir umhverfisþættir sem voru lagðir til grundvallar umhverfismatinu eru eftirfarandi og teljast líklegir til þess að verða fyrir jákvæðum eða neikvæðum áhrifum um umhverfismat áætlunarinnar:

- **Hagrænir og félagslegir þættir**, vegna hugsanlegra áhrifa á fjölda starfa og tekna í sveitarféluginu og áhrifum bættra samgangna á félagslega þætti.
- **Heilsa og öryggi**, vegna áhrifa framkvæmda á umferðaröryggi svæðisins.
- **Landslag og ásýnd**, vegna fyrirsjáanlegrar breyttrar ásýndar að framkvæmdum loknum.
- **Náttúrufar**, vegna rasks og umfangs efnistöku.

Fjallað er nánar um ofangreinda umhverfisþætti ásamt skilgreiningu umhverfisvísa í viðauka I.

### 2.2 Umfang umhverfismats

Í umhverfismati þessu var metið það stefnumið sem talið var líklegt til þess að hafa áhrif í mati á umhverfisáhrifum og raska hugmyndum um sjálfbæra þróun.

Sá þáttur sem líklegur er til að hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á ofangreinda umhverfisþætti er:

- Efnisnám úr 28 aðskildum nánum, þar af þremur haldið opnum til framtíðarnýtingar.

### 2.3 Kynning og samráð umhverfismatsins

Teikn á lofti ehf. hefur unnið að umhverfisskýrslu þessari í samstarfi við sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps og í samráði við Vegagerðina. Þá verður einnig haft samráð við Umhverfisstofnun og Fornleifavernd ríkisins.

## Umhverfisskýrsla með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

---

Umhverfisskýrslan verður kynnt almenningi við auglýsingu á breytingu að Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.

### 2.4 Framsetning umhverfismats fyrir breytingu aðalskipulags

Við greiningu á einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við mat á áhrifum stefnumiða á umhverfisþætti þá sem lagðir eru til grundvallar, voru notuð eftirfarandi tákn/einkunnir:

+	Stefna aðalskipulagsins styður viðmið varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
0	Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á (viðmið varðandi) viðkomandi umhverfisþátt.
-	Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Ú	Áhrif stefnu aðalskipulagsins á viðkomandi umhverfisþátt er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar við mat á vægi áhrifa.

### 3 UMHVERFISÁHRIF STEFNUMIÐA FYRIR EFNISTÖKU

#### Umhverfismat stefnumiða fyrir efnistöku

Samanburður kosta vegna fyrirhugaðrar efnistöku		Umhverfisþættir			
		Hagrænir og félagslegir þættir	Heilsa og öryggi	Landslag og ásýnd	Náttúrufar
Stefnumið	Tillaga aðalskipulagsbreytingar	+	+	-	-
	Óbreytt landnotkun	0	0	0	0

Þar sem efnistakan er tilkomin vegna lagningar Norðausturvegar um Vesturárdal og Millidalaleið eru umhverfisáhrif hennar nátengd áhrifum af þeirri framkvæmd, enda efnistakan afleiddur framkvæmdaþáttur vegagerðarinnar.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu er talin hafa almenn jákvæð umhverfisáhrif á hagræna og félagslega þætti í formi tekna fyrir landeigendur og þann ábata sem næst með betri veltengingu. Vegasamgöngur eru taldar batna umtalsvert, bæði innan sveitar sem að og frá sveitarfélagsins með tilkomu Norðausturvegar um Vesturárdal og er arðsemi þeirrar framkvæmdar betri ef efnistaka er reynd eins stutt frá framkvæmdasvæði sem kostur er.

Þá er tillagan talin hafa jákvæð áhrif á umhverfisþætti heilsu og öryggis, vegna beinna tengsla við vegaframkvæmdina og því bætta umferðaröryggi sem næst með henni.

Áhrif efnistökunnar á umhverfisþætti landslags og ásýndar og náttúrufar umræddra svæða geta orðið teljandi neikvæð vegna rasks sem fylgir framkvæmdinni.

#### 3.1 Hagrænir og félagslegir þættir

##### 3.1.1 Efnahagur og atvinnulíf

Telja má að ný veltenging Vopnafjarðar við Hringveg muni auka almenn lífsgæði hjá íbúum sveitarfélagsins og gefa þeim aukna möguleika á frekari samskiptum bæði til austurs og norðurs, bæði hvað varðar bein samskipti íbúa, en einnig er varðar atvinnulíf almennt.

Framkvæmdin mun hafa mikil jákvæð áhrif á vörutransporta til og frá Vopnafirði, m.a. flutning fiskafurða til útflutningshafna á Austurlandi. Líklegt er að fyrirtæki geti aukið umsvif sín vegna hagkvæmari flutningsskilyrða. Mögulegt er að atvinnutækifæri í ferðaþjónustu aukist sem er til hagsbóta fyrir alla í samféluginu. Með tilkomu betri og nýrri vega geta starfssvæði fólks breyst og möguleikar á að sækja vinnu um lengri veg aukist. Telja má að framkvæmdin muni þó ekki hafa áhrif á atvinnusvæði. Gera má ráð fyrir að einhverjir íbúar muni sækja þjónustu um lengri veg að loknum framkvæmdum

en á móti kemur að umferð ferðafólks um svæðið mun örugglega aukast sem þýðir auknar tekjur inn á svæðið.

Reiknað er með að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á opinbera þjónustu á svæðinu aðra en þá sem tengist vegaframkvæmdinni. Með tilkomu nýs vegar verða sjúkraflutningar þó talsvert öruggari.<sup>2</sup>

### 3.1.2 Félagslegt umhverfi

Vegurinn gefur íbúum aukin tækifæri til þess að sækja ýmsa viðburði til Austurlands og Norðurlands og einnig verður auðveldara fyrir aðra að sækja ýmsa viðburði á Vopnafirði. Þá er líklegt að jákvæð áhrif á samskipti og samgang innan sveitar verði tölverð, vegna öruggari og greiðari ferðamáta sem og styttri ferðatíma.

## 3.2 Heilsa og öryggi

### 3.2.1 Öryggi

Nýr Norðausturvegur um Vesturárdal er byggður á þeim forsendum að hægt sé að bjóða Vopnfirðingum og ferðafólki uppá vegasamgöngur sem uppfylla öryggismarkmið Vegagerðarinnar þ.e.: „*Við hönnun, byggingu, viðhald og þjónustu vega mun Vegagerðin hafa öryggi vegfarenda í fyrirrúmi*“ sem og umhverfismarkmið stofnunarinnar: „*Að haga hönnun, framkvæmdum, viðhaldi og rekstri vega þannig að þeir falli sem best að umhverfinu og stuðli að öruggu og aðlaðandi umhverfi vegfarenda*“.

Því mun fyrirhuguð efnistaka sem hliðarframkvæmd vegagerðarinnar stuðla að bættu umferðaröryggi, sérstaklega þar sem hún er skipulögð þannig að aldrei þurfi að flytja efni lengra en þörf krefur. Það fyrirkomulag bætir öryggi á vinnusvæði og hefur jákvæð áhrif á heilsu starfmannna.

## 3.3 Landslag og ásýnd

### 3.3.1 Náttúrulegt landslag

Sjónræn umhverfisáhrif vegna vegagerðar um óraskað svæði eru alltaf tölverð og óafturkræf. Þau má hins vegar lágmarka með því að takmarka allt rask utan veglínú og ganga aftur frá efnistökusvæðum og græða upp skeringar og fláa eins fljótt og kostur er með sambærilegum gróðri og finna má í nágrenninu.

---

<sup>2</sup> Matsskýrsla Vegagerðarinnar vegna Norðausturvegar til Vopnafjarðar



**Mynd 2 Núverandi vegur og náma við Öskumel.** Heimild: Vegagerðin, Matsskýrsla vegna Umhverfisáhrifa Norðausturvegar til Vopnafjarðar.

### 3.3.2 Menningarlandslag og menningarmínjar

Samkvæmt Fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar veglínu um Vesturárdal, eru 15 fornminjar sem eru í innan við 20 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Þar af eru 8 sem lenda innan framkvæmdasvæðis. Til framkvæmdasvæðis telst veglína, skeringar, fyllingar, fláar og efnistökusvæði. Þar að auki eru 6 fornminjar í 20-50 m fjarlægð frá veki sem varast þarf að raska við framkvæmdina, sérstaklega við val á tengingum að efnistökusvæðum o.s.frv. Flestar fornleifarnar eru vörður eða tóftir af ýmsum uppruna sem ber að fá leyfi Fornleifastofnunar fyrir að fjarlægja.

## 3.4 Náttúrufar

### 3.4.1 Gróðurfar

Lífríki svæðisins mun raskast við mannvirkjagerðina og hefur hún neikvæð áhrif sérstaklega á gróður. Með mótvægiságerðum er möguleiki á að koma svæðinu í fyrri aðstæður þannig að skaðinn sé lágmarkaður, sérstaklega á þeim efnistökusvæðum sem einungis er hugsuð sem tímabundin vegna vegaframkvæmdar. Við upphaf framkvæmdar skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námusvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir framkvæmdasvæðið. Þá skal allt rask í nágrenni svæða lágmarkað sem kostur er. Neðsti hluti svæðisins er nærrí mörkum svæðis á náttúruminjaskrá vegna lífríkis (Skógarlón) svo mikilvægt er að rask nái ekki þangað.



## 4 SAMANTEKT

Telja má að ný vegtenging Vopnafjarðar við Hringveg muni auka almenn lífsgæði hjá íbúum sveitarfélagsins og gefa þeim aukna möguleika á frekari samskiptum bæði sín á milli sem og út fyrir sveitarfélagið. Framkvæmdin mun hafa mikil jákvæð áhrif á vörurflutninga til og frá Vopnafirði, m.a. flutning fiskafurða til útflutningshafna á Austurlandi.

Fyrirhuguð efnistaka sem hliðarframkvæmd vegagerðarinnar mun stuðla að bættu umferðaröryggi, sérstaklega þar sem hún er skipulögð þannig að aldrei þurfi að flytja efni lengra en þörf krefur.

Sjónræn umhverfisáhrifa vegna vegagerðar um óraskað svæði eru alltaf tölverð og óafturkræf. Þau má hins vegar lágmarka með því að takmarka allt rask utan veglínu og ganga aftur frá efnistökusvæðum og græða upp skeringar og fláa með gróðri.

Samkvæmt Fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar veglínu um Vesturárdal, eru 15 fornminjar sem eru í innan við 20 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Þar af eru 8 sem lenda innan framkvæmdasvæðis.

Lífríki svæðisins mun raskast við mannvirkjagerðina og hefur hún neikvæð áhrif sérstaklega á gróður. Með mótvægisáðgerðum er möguleiki á að koma svæðinu í fyrri aðstæður þannig að skaðinn sé lágmarkaður. Við upphaf framkvæmdar skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námusvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir framkvæmdasvæðið.

### 4.1 Vöktunaráætlun

Þar sem skipulagstillagan er ekki talin líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif er ekki gerð sérstök vöktunaráætlun til vöktunar umhverfisáhrifa.

## 5 NIÐURSTÖÐUR UMHVERFISMATS

Aðalskipulagsbreytingin miðar að aukinni efnistöku í Vesturárdal, Vopnafjarðarhreppi úr 28 aðskildum námum og þar af þremur sem ætlaðar eru til framtíðarnýtingar. Tilgangurinn með fyrirhugaðri efnistöku í Vopnafjarðarhreppi er uppbygging nýrrar vegtengingar Vopnafjarðar við Hringveg. Nýr Norðausturvegur um Vesturárdal ásamt Millidalaleið<sup>3</sup> er byggður á þeim forsendum að hægt sé að bjóða Vopnfirðingum og ferðafólki uppá vegasamgöngur sem uppfylla öryggismarkmið Vegagerðarinnar þ.e.: „Við hönnun, byggingu, viðhald og þjónustu vega mun Vegagerðin hafa öryggi vegfarenda í fyrirrúmi“ sem og umhverfismarkmið stofnunarinnar: „Að haga hönnun, framkvæmdum, viðhaldi og rekstri vega þannig að þeir falli sem best að umhverfinu og stuðli að öruggu og aðlaðandi umhverfi vegfarenda“.

Aðalskipulagsbreytingin er talin hafa jákvæð umhverfisáhrif á hagræna og félagslega þætti í samféluginu í formi tekna fyrir landeigendur og þann ábata sem næst með betri vegtengingu. Tillagan er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfisþætti heilsu og öryggis, vegna beinna tengsla við vegaframkvæmdina og því bætta umferðaröryggi sem næst með henni.

Áhrif efnistökunnar á umhverfisþætti landslags og ásýndar og náttúrfar umræddra svæða geta orðið teljandi neikvæð vegna rasks sem fylgir framkvæmdinni en unnt er að lágmarka með mótvægisauðgerðum á framkvæmdatíma og frágang.

---

<sup>3</sup> Sjá matsskýrslu Vegagerðarinnar um Norðausturveg til Vopnafjarðar



## 6 Heimildaskrá

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, 2005/47. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafjörði.* Byggðasafn Skagfirðinga.

Helga Aðalgeirs dóttir, Gunnar H. Jóhannesson, Hafdís Eygló Jónsdóttir, Magnús Björnsson, Ólafur Hreinsson, 2007. *Norðausturvegur til Vopnafjarðar. Brunahvammsháls – Vopnafjörður. Matsskýrsla.* Vegagerðin.

*Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000*

*Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*

*Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997*

*Skipulagsstofnun. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.* Apríl 2007.

Vegagerðin 2009. *Framkvæmdafréttir 3.tbl* 2009. Nr.516.



## 7 VIÐAUKAR

### 7.1 Viðauki I, Venslatöflur

<b>Hagrænir og félagslegir þættir</b>		
<b>Umhverfisþættir</b>	<b>Lýsing umhverfisþáatta/ umhverfisvísa</b>	<b>Umhverfisviðmið</b>
Efnahagur og atvinnulíf	Staðbundið	Fjölgun starfa og auknar tekjur af malarsölu.
Félagslegt umhverfi	Samfélagsþjónusta	Tryggari samgöngur munu auka framboð og aðgengi að þjónustu og afþreyingu.

<b>Heilsa og öryggi</b>		
<b>Umhverfis- þættir</b>	<b>Lýsing umhverfisþáatta/ umhverfisvísa</b>	<b>Umhverfisviðmið</b>
Öryggi	Umferðaröryggi/ sjúkraflutningar	Öruggur heilsásvegur með bundnu slitlagi og vegaröxlum kemur í stað núverandi aðstæðna.

<b>Landslag og ásýnd</b>		
<b>Umhverfis- þættir</b>	<b>Lýsing umhverfisþáatta/ umhverfisvísa</b>	<b>Umhverfisviðmið</b>
Náttúrulegt landslag	Víðerni náttúrulegt yfirbragð / fjölbreytileiki andstæður /	Skeringar og rask utan veglínu er lágmarkað og gengið frá vegköntum og efnistökusvæðum með gróðri um leið og framkvæmdatíma lýkur.
Menningarlandslag	Saga / sögulegt gildi	Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Tryggja skal varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Umhverfisskýrsla með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

Menningarminjar	Aðrar fornleifar sbr. fornleifaskráning fyrir svæðið  Önnur menningarverðmæti	Vernda skal menningarminjar eins og kostur er á framkvæmdarsvæðinu, með merkingum og góðri umgengni og forðast að raska ef kostur er, annars fá leyfi Fornleifastofnunar til að fjarlægja.
-----------------	-------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

<b>Náttúrufar</b>		
<b>Umhverfisþættir</b>	<b>Lýsing umhverfisþáttar/ umhverfisvísa</b>	<b>Umhverfisviðmið</b>
Líf á landi	Gróðurfar	Viðhalda verði fjölbreytileika tegunda og vistkerfa. Til þess að halda heildarmynd gróðurþekju þarf að gera ráð fyrir að yfirborðslag jarðvegs verði tekið til hliðar á meðan á framkvæmdum stendur og jafnað yfir í lokin, svo jarðvegur og fræforði glatist ekki.